



## Starfsáætlun Skógræktarfélags Mosfellsbæjar 2020

12. febrúar 2020

### **Gróðursetningarnefnd:**

Formaður nefndarinnar: Albert Skarphéðinsson

Eins og árið 2019 mun plöntufjöldi stjórnast af fjölda seldra trjáa í jólatrjáasölunni og verða pöntuð 30 tré fyrir hvert selt tré. Í jólatrjáasölunni 2019 voru seld 670 tré og ættum við því að gróðursetja um 20.000 tré í ár. Þeim fækkar nú svæðunum þar sem hægt er að fara í nýskógrækt innan Mosfellsbæjar og því mikilvægt að fara að huga að nýjum svæðum til gróðursetninga. Dæmi um svæði sem hægt væri að skoða varðandi nýgróðursetningu eru Helgafell austanvert, Skógarbringur ofan Laxness og Úlfarsfell frá Skarhólum að Skyggni. Þó þarf einnig að leggja áherslu á íbætur. Stór hluti plantna var gróðursettur af stjórnarmeðlimum félagsins í sjálfboðavinnu. Það rétt hafðist en ljóst er að endurskoða þarf vinnu varðandi gróðursetningar. Síðari ár er erfiðara að fá fólk í þessa sjálfboðavinnu og til lengdar er ekki hægt að leggja slíkt á fáa einstaklinga sem eru einnig í fullri vinnu. Árið 2019 voru gróðursett 15.000 tré og er því ljóst að það mun verða þrautin þyngri fyrir félagið að gróðursetja 20.000 tré nema til komi nýjar nálganir varðandi gróðursetningar.

Áframhald verður á árinu 2020 á samstarfi Kolviðar, Skógræktarfélags Mosfellsbæjar og Mosfellsbæjar um verkefnið á Mosfellsheiði. Tilraunir munu halda áfram sem Rannsóknastöð Skógræktarinnar á Mógilsá mun hafa umsjón með.

Ljóst er að pressan á Skógræktarfélagið mun aukast mikið árið 2020 því sífellt fleiri fyrirtæki leita eftir því að kolefnisjafna sig og mun m.a. verða leitað til skógræktarfélaganna vegna þess og þá helst í kringum höfuðborgarsvæðið þar sem flest fyrirtækin eru.

### **Umhirðu- og útivistarnefnd:**

Formaður nefndarinnar: Bjarki Þór Kjartansson

Efni úr skóginum í Hamrahlíð verður notað til að klæða nýja aðstöðu að utan. Grisja þarf talsvert í gömlum reitum til að safna efni í klæðninguna, en einnig þarf að fletta efni sem er nú staðsett að Grásteinum. Það mun fara eftir því hvernig verkefninu við nýtt aðstöðuhús félagsins vindur fram hvort hafist verði handa við efnisöflun í húsið á árinu 2020.

### **Jólatrjáanefnd**

Formaður nefndarinnar: Kristín Davíðsdóttir

Eins og áður er talsverð vinna við skipulag og framkvæmd jólatrjáasölnnar og mun það verða þannig eftir sem áður enda um að ræða einu eiginlegu tekjulind félagsins.

### **Mannvirkja- og tækjanefnd**

Formaður nefndarinnar: Ívar Örn Þrastarson

Fyrstu drög að teikningum aðstöðuhúss félagsins liggja fyrir og eru til skoðunar innan nefndarinnar. Ennþá hafa ekki verið gefin út lóðar-, hæðar- og mæliblöð né lóð verið stofnuð, en hönnun verður sett á fullt um leið og þessi gögn liggja fyrir. Óskað hefur verið við Mosfellsbæ að þessari vinnu verði

hraðað eins og kostur er. Ef áætlanir ganga eftir munu framkvæmdir hefjast á árinu 2020, en stefnt er að verkefnið verði unnið á þremur til fjórum árum. Framkvæmdir við nýja aðstöðu félagsins hefjast á árinu 2020 miðað við áætlanir og mun mikil vinna, orka og fjármagn fara í það verkefni af hendi félagsins og stjórnar þess.

### ***Viðburðanefnd***

Formaður nefndarinnar: Björn Traustason

Aðalfundur Skógræktarfélag Íslands verður haldinn dagana 4. – 6. september 2020 í Hlégarði. Vinnan sem þarf að fara fram snýr að vali og undirbúningu þeirra svæða sem verða heimsótt. Það mun fara talsvert vinna í skipulag fundarins, við munum hafa talsvert með dagskrá fundarins að gera og einnig þarf að hafa ofan af fyrir fólki með skemmtiatriðum, mat og drykk. Þetta verður allt unnið í góðu samstarfi við Mosfellsbæ.

Þau svæði sem líklega verða fyrir valinu til heimsókna á aðalfundinum eru Hamrahlíð, aðstöðusvæði við Skarhólabraut og Meltúnsreitir. Mikilvægt er að laga aðkomu í Hamrahlíð og sömuleiðis þarf að lagfæra stíga sem gengnir verða á fundinum. Félagið á inni styrk frá Landgræðslusjóði sem verður notaður til að lagfæra stíga í Hamrahlíð.

Líf í lundi verður haldið 27. júní 2020 og mun Skógræktarfélag Mosfellsbæjar halda þennan dag hátíðlegan í góðu samstarfi við Mosfellsbæ.

### ***Upplýsinganefnd:***

Formaður nefndarinnar: Björn Traustason

Haldið verður áfram með þróun á nýrri heimasíðu.

### ***Fjármálanefnd***

Formaður nefndarinnar: Gísli Jón Magnússon

Ávaxta þarf sjóði félagsins með tryggum hætti en passa að fjármunir séu ekki í bundnum sjóðum þegar framkvæmdir hefjast á aðstöðu félagsins. Gert er ráð fyrir að tekjur af jólatrjáasölu verði um 3,5 milljónir króna, almennir styrkir verði um 1 milljón króna og styrkur frá Mosfellbæ verði um 400 þús.

Til að standa straum af uppbyggingu aðstöðunnar er gert ráð fyrir að Mosfellbær styrki verkefnið en auk þess á að sækja styrki til fyrirtækja, stofnana og sjóða til að fjármagna verkefnið. Félagið mun ekki taka nein lán vegna þess.

### ***Samskipta- og skipulagsnefnd:***

Formaður nefndarinnar: Björn Traustason

Ganga þarf frá fjármögnun vegna nýrrar aðstöðu félagsins og verður þá næsta skref að skrifa undir samning milli Skógræktarfélag Íslands og Mosfellsbæjar.

Heiða Ágústsdóttir og Ingibjörg Ásta Guðmundsdóttir, starfsmenn garðyrkjudeildar Mosfellsbæjar, eru tengiliðir bæjarins við skógræktarfélagið og munu koma talsvert að þeim verkefnum sem eru fyrirhuguð á árinu 2020 og þá helst varðandi undirbúning aðalfundar Skógræktarfélag Íslands.